



# Áveitan

6. tbl. 12. árgangur. Júní 2018

## Þjóðhátíðardagskrá í Flóahreppi

Kvenfélögin í Flóahreppi og Ungmennafélagið Þjóttandi þjódða til dagskrár á 17. júní 2018. Hátíðin fer fram í Einbúa, en ef veður er sérstaklega vont verður dagskráin færð í Þingborg. Það verður þá tilkynnt á heimasíðu Flóahrepps og á facebooksíðu Umf. Þjóttanda.

### Dagskrá:

13:00- Hraðmót Umf. Þjóttanda í fótbolta fyrir krakka í 4.-10. bekk. (auglýst sérstaklega annars staðar í blaðinu).

14:30- Hátíðardagskrá hefst. Fjallkonan ávarpar samkomuna, ræðuhöld, söngur og fánareid. Kaffiveitingar í tjaldi og eru allir beðnir um að leggja eitthvað til veislunnar. Best að koma með eitthvað sem fer vel í hendi því ekki er hægt að setjast til borðs á staðnum.

Andlitsmálning, leikir og afþreying fyrir börn og fulloröna auk þess sem reiptogið verður á sínum stað!

Nánari dagskrá verður auglýst á facebook þegar nær dregur. Fjölmennum í Einbúa á þjóðhátíðardaginn og eigum saman góða og hátíðlega stund.

Kvenfélögin og Umf. Þjóttandi

## Leikjanámskeið í júní

Umf. Þjóttandi stendur fyrir leikjanámskeiði í júní eins og undanfarin ár. Kennnt verður á íþróttasvæðinu við Þjórsárver dagana 11.-21. júní alls 9 skipti frá kl. 9:00-11:30.

Námskeiðið er ætlað börnum á aldrinum 7-12 ára (árgangar 2006-2011). Kennarar verða Örvar Rafn Hlíðdal og Unnur Bjarkadóttir og taka þau við skráningu á [orvar@floaskoli.is](mailto:orvar@floaskoli.is) eða [unnur@floaskoli.is](mailto:unnur@floaskoli.is)

## Áveitan í Flóahreppi

Útgefandi: Ungmennafélagið Þjótandi.

Ábyrgðarmenn:

Fanney Ólafsdóttir	fanneyo@emax.is	892-4155
Bryndís Eva Óskarsdóttir	801haholt@internet.is	846-7188
Hallfríður Ósk Aðalsteinsd.	lyngh@emax.is	845-9719
Ellen Bachmann Lúðvíksd.	ellenbach@simnet.is	616-1588

## Frá sveitarstjóra

Kæru íbúar og aðrir lesendur

Ég vil byrja þetta innlegg sveitarstjóra á því að þakka fráfarandi sveitarstjórn Flóahrepps, nefndarmönnum, starfmönnum Flóahrepps og íbúum öllum í Flóahreppi fyrir gott og lærdómsríkt samstarf síðastliðin fjögur ár.

### Úrslit sveitarstjórnakosninga 2018 í Flóahreppi:

Alls voru 450 á kjörskrá og greiddu 355 atkvæði eða 78,88 %  
8 seðlar voru auðir og 1 ógildur

L- Flóalisti fékk 215 atkvæði og þrjá menn kjörna

T-listi fékk 131 atkvæði og tvo menn kjörna

Sveitarstjórn Flóahrepps skipa eftirtaldir:

Árni Eiríksson Skúflæk, L – Flóalista

Hrafnkell Guðnason Glóru, L – Flóalista

Margrét Jónsdóttir Syðra-Velli, L – Flóalista

Rósa Matthíasdóttir Hraunmörk, T – Lista

Sigurður Ingi Sigurðsson Hamarskoti, T – Lista

Varamenn eru eftirtaldir:

Stefán Geirsson Gerðum, L – Flóalista

Hulda Kristjánsdóttir Forsæti L – Flóalista

Walter Fannar Kristjánsson Litlu Reykjum L – Flóalista

Lilja Ómarsdóttir Brandshúsum 6, T – Lista

Heimir Rafn Bjarkason Árprýði, T – Lista

### Vinnuskóli Flóahrepps:

Vinnuskólinn hefst þriðjudaginn 12. júní.

Flokkstjóri vinnuskóla Flóahrepps er Árni Geir Hilmarsson. Ekki er ljóst ennþá hvort hægt verður að bjóða upp á störf fyrir nemendur úr 7. bekk en haft verður samband við foreldra þeirra ef opnað verður fyrir umsóknir frá þeim.

### **Sumarlökun skrifstofu Flóahrepps:**

Skrifstofa Flóahrepps verður lokuð frá 9. – 27. júlí vegna sumarleyfa starfsmanna.

### **Fjör í Flóa:**

Hátíðin stóð yfir dagana 25. og 26. maí og tókst í alla staði mjög vel. Menningarnefnd Flóahrepps ásamt starfsmönnum Flóahrepps og félögum í Ungmennafélaginu Þjótanda og Kvenfélögunum í Flóahreppi sameinuðust um að gera enn eina „Fjör í Flóa“ hátíðina að veruleika. Þrátt fyrir mikið rok og mikla rigningu var góð mæting á alla dagskrárliði hátíðarinnar. Íbúar og gestir áttu notalegar samverustundir við morgunverð í Félagslundi, í gönguferð í nágrenni Einbúa, kaffisþjalli í Þingborg og að lokum glæsilegri kvöldvöku í Félagslundi sem um leið varð sameiginleg kosningavaka í Flóahreppi. Góðir gestir heimsóttu okkur, Brunavarnir Árnessýslu, Íslenska Gámafélagið, Lögreglan á Suðurlandi og fulltrúar frá ýmsum fyrirtækjum sem kynntu framleiðslu sína og vörur bæði utanhúss og innan. Öllum þeim sem stóðu að undirbúningi og framkvæmd hátíðarinnar eru færðar bestu þakkir fyrir óeigingjarnt framlag og gestum þökkum við fyrir komuna.

Eydís Þ. Indriðadóttir sveitarstjóri Flóahrepps.

### **Frá Skógræktarfélagi Villingaholtshrepps**

Skógræktarfélagið ætlar að fara í skógarferð og heimsækja skóg í nágrenninu og þetta árið ætlum við að fara í Hellisskóg á Selfossi. Stefnt verður að fara mánudagskvöldið 11. júní, ef veðrið verður til friðs.

Genginn verður hringur um skóginn með nestisstoppi í Stóra Helli. Við hvetjum alla til þess að koma með okkur, en gangan um Hellisskóg er létt og þægileg og hentar allri fjölskyldunni.

Mæting verður kl 19:30 á bílastæðinu við Hellisskóg. Nánari upplýsingar um viðburðinn verður á facebooksíðu

Skógræktarfélagsins þegar nær dregur. Einnig er hægt að hafa samband við Erlu (849 0502) til að fá nánari upplýsingar.

## Uppskriftahornið

Takk fyrir að hafa trú á mér kæra Birna.

Ég ætla að deila með ykkur ljúffengri laxa uppskrift. Nú er einmitt tímin fyrir grillaðan lax.

### Lax með döðlum og gráðosti

800 g lax

sítrónupipar

120 g gráðostur

10-15 stk döðlur, steinlausar

Skerið laxaflakið niður í hæfilegar sneiðar

Setjið bökunarpappír og leggið laxinn þar á og kryddið með sítrónupipar.

Skerið döðlurnar niður í litla bita og hrærið saman við gráðostinn. Smyrjið jafnt yfir laxinn og grillið í ca 10 mín eða bakið í 200°C heitum ofni í 15-18 mínútur.

Þar sem ég elska eftirrétti og allt sem er einfalt þá ætla ég að láta þessa ofureinföldu uppskrift fylgja með. Það er ekki verra að þetta er mein hollt .

### Hollar Snickerskúlur

20 steinlausar döðlur, t.d. frá Himneskri hollustu

1 bolli salthnetur

150g dökkt súkkulaði, t.d. Konsum suðusúkkulaði frá Nóa Sírius

Látið döðlurnar liggja í bleyti í köldu vatni í hálf tíma, eða í 2 mínútur í sjóðandi vatni ef ykkur liggur á. Hellið vatninu af döðlunum og setjið þær í matvinnsluvél eða blandara og maukið þar til þær verða að mjúkri karamellu. Setjið helminginn af salthnetunum út í döðlumaukið og maukið þar til ekki eru mjög stórir bitar eftir af hnetunum.

Grófsaxið hinn helminginn af hnetunum og hrærið saman við

karamellublönduna með sleif. Búið til kúlur úr karamellunni með höndunum, best er að setja smá kókosolíu á hendurnar svo karamellan festist ekki við þær.

Setjið karamellurnar inn í ísskáp og kælið þær örlítið.

Bræðið súkkulaðið, hjúpið karamellurnar og látið þær á smjörpappír á meðan súkkulaðið harðnar.

Ég þakka fyrir mig og ætla að skora á Sturlu Þormóðsson gourme vin minn frá Fljótshólum. Hann er mikil höfðingi heim að sækja og verður maður aldrei svikin af því sem hann töfrar fram.

Iðunn Ýr Ásgeirsdóttir, Forsæti I

### **Héraðsmót fullorðinna í frjálsum íþróttum**

fer fram dagana 19. -20. júní.

Keppnisgreinar eru 100m, 200m, 400m, 800m, 1500m, 110/100m grindahlaup, 4x100m boðhlaup, sleggjukast, kringlukast, kúluvarp, spjótkast, hástökk, langstökk, þristökk og stangarstökk.

Við hvetjum sem flesta til að koma á mótið og reyna sig í þessum greinum.

**Ef þið viljið skrá ykkur á mótið eða fá nánari upplýsingar skuluð þið senda póst á [gudmunda89@gmail.com](mailto:gudmunda89@gmail.com) fyrir sunnudaginn 17. júní.**

### **Þakklæti**

Takk fyrir allar góðar kveðjur og gjafir sem ég fékk í tilefni fermingardagsins míns sem var þann 20. maí sl.

Bestu kveðjur, Einar á Skeggjastöðum

### **Frá Kvenfélagi Hraungerðishrepps:**

Vorfundur félagsins verður haldinn í Þingborg miðvikudaginn 6. júní kl. 20.

Hittumst hressar og kátar eftir vætusamt Fjör í Flóa, förum yfir stöðuna, hvað er framundan og heyrum hvað skemmtinefndin hefur að segja.

Eftir fundinn kemur Dr. Ethna Parker til okkar og fræðir okkur um ilmkjarnaolíur til dæmis um virkni og notkun.



*Kaffihópur: Auður Atladóttir, Þórdís Guðrún Þormóðsdóttir, Betzy M. Davíðson og Sigríður Harðardóttir*

Þema fundarins: HATTAR

## Íþróttafréttir

### Úrslit af mótum

**Vormót HSK** var haldið miðvikudagskvöldið 30. maí eftir að hafa verið frestað tvisvar sinnum vegna veðurs. Veður var gott og nokkrar bætingar litu dagsins ljós. Þess má geta að Umf. Þjótandi er skildugt til að senda starfsmenn á mót á vegum HSK og við áttum hvorki fleiri né færri en 10 starfsmenn á þessu móti. Takk kærlega fyrir hjálpina öllsömul!

Stefán Narfi Bjarnason	´00	100m hlaup	11,98sek	10. sæti
		Langstökk	5,94m	6. sæti
		Kúluvarp	10,29m	3. sæti
		Sleggj. (7,25kg)	18,67m	6. sæti
		Spjótkast	48,04m	3. sæti
Unnsteinn Reynisson	´03	100m hlaup	12,65sek	17. sæti
		Langstökk	5,61m	9. sæti
Brynjar Jón Brynjarsson	´01	100m hlaup	12,70sek	18. sæti
		Langstökk	5,14m	11. sæti
		Kúluvarp	8,69m	5. sæti
		Spjótkast	29,30m	13. sæti
Hugi Snær Jónsson	´01	100m hlaup	12,76sek	19. sæti
		300m hlaup	41,83sek	12. sæti
Elías Örn Jónsson	´03	100m hlaup	13,50sek	24. sæti

**Vinamót Selfoss-KR** fór fram þann 13. maí á Selfossvelli. Umf. Þjótandi fékk að taka þátt og kepptu tveir ungir einstaklingar fyrir hönd Þjótanda. Hér er glæsilegur árangur þeirra:

Sigurjón Reynisson	´05	60m hlaup	9,30 sek	7. Sæti
		300m hlaup	52,91 sek	5. Sæti
		Langstökk	4,42m	2. Sæti
		Kúluv.(3kg)	7,15m	4. Sæti
Guðrún Ásta Ægisdóttir	´05	60m hlaup	9,92 sek	2. Sæti
		Langstökk	3,03m	4. Sæti

## Íþróttamót framundan í Þorlákshöfn

**Aldursflokkamót 11-14 ára** í frjálsum íþróttum fer fram í Þorlákshöfn sunnudaginn 10. júní og hefst kl 10:00.

Stúlkur og piltar 14 ára: 100 m hlaup - 600 m hlaup - 4x100 m boðhlaup - langstökk - hástökk - kúluvarp – spjótkest – 80m grindahlaup.

Stúlkur og piltar 13 ára: 100 m hlaup - 600 m hlaup - langstökk - hástökk - kúluvarp – spjótkest -80m grindahlaup.

Stúlkur og piltar 12 ára: 60 m hlaup - 600 m hlaup - langstökk - hástökk – kúluvarp – spjótkest.

Stúlkur og piltar 11 ára: 60 m hlaup - 600 m hlaup - langstökk - hástökk – kúluvarp – spjótkest.

**Héraðsleikar HSK 10 ára og yngri** fara fram á sama tíma og aldursflokkamótið og eru keppnisgreinar eftirfarandi:

Stúlkur og piltar 10 ára: 60 m - 400 m- langstökk - kúluvarp- hástökk.

Stúlkur og piltar 9 ára og yngri: 60 m – 400m- langstökk

Á héraðsleikunum er leikgleðin í fyrirrúmi og allir keppendur fá verðlaun.

**Þeir sem hafa áhuga á því að skrá sína krakka á þessi mót þurfa að senda skráningu á [gudmunda89@gmail.com](mailto:gudmunda89@gmail.com) í síðasta lagi fimmtudagskvöldið 7. júní. Við áttum fjölmenn lið á innanhússmótunum í frjálsum í vetur og það væri gaman ef við gætum verið öflug á sumarmótunum líka.**

### *Hreinsunardagur í Einbúa*

Fimmtudagskvöldið 14 .júní er ætlunin að hittast í Einbúa og gera hann kláran fyrir Þjóðhátíðardaginn. Við ætlum að slá og snyrta, negla og grafa og margt fleira þannig að svæðið líti sem best út þegar við höldum upp á Þjóðhátíðardaginn. Hver veit nema að það verði grillaðar pulsar á eftir 😊  
Við byrjum svona um kl. 20:00, jafnvel fyrr.

Takið með ykkur sláttuvélar, sláttuorf, hamar og öll þau verkfæri önnur sem þið teljið að geti komið að notum.

Þá viljum við í Einbúanefndinni minna á að við þiggjum alla þá hjálp sem við getum fengið við að gera klósettmálin í Einbúa klár. Okkur vantar menn á traktorum til að keyra efni til og frá. Það geta allir hjálpað til, endilega láttu vita af þér og við munum auglýsa á facebook síðu Þjóntanda hvenær við verðum við framkvæmdir.

Einbúanefndin

### **Leikjaæfingar fyrir unglinga**

verða haldnar á sunnudagskvöldum í sumar milli kl 20:00-22:00.

Æfingarnar eru ætlaðar krökkum fæddum 2005 og fyrr en Stefán

Narfi Bjarnason heldur utan um æfingarnar. Líkt og áður munu

æfingarnar flakka um sveitina en staðsetningarnar framundan eru:

10. júní- Þingborg

17. júní- frí v. Þjóðhátíðardags

24. júní- Félagslundur

1. júlí- Einbúi

Þessar æfingar voru mjög vel sóttar sumarið 2016 og við vonum að svo verði líka núna.

Íþróttanefnd

### **Hraðmót Umf. Þjótanda í fótbolta**

Umf. Þjótandi stendur fyrir hraðmóti í fótbolta á 17. júní í

Einbúa. Mótið hefst kl 13:00 og er fyrir alla krakka í 4.-10. bekk.

Spilað verður á tveimur völlum samtímis. Raðað verður í lið á

staðnum og leikgleðin höfð í fyrirrúmi. Að móti loknu hefst

hátíðardagskrá í Einbúa.

Íþróttanefnd

### **Flóahlaupið- Takk fyrir stuðninginn**

Eins og fram hefur komið þá gekk Flóahlaupið einstaklega vel í byrjun apríl en það átti alltaf eftir að telja upp alla þá frábæru styrktaraðila sem styrktu hlaupið á einn eða annan hátt. Hér með þökkum við þeim kærlega fyrir og hvetjum ykkur að sjálfsögðu til að versla við þá!

**MS- Kökugerð HP- Nettó- Vífilfell- Lögmenn Suðurlandi- Vís- Flóahreppur- TM- Fossdekk.**

Styrktarlínur:

**AB- skálinn, SET- Fossvélar- Byko- Fóðurblandan- Krítangi.**



## Boltinn í beinni á Kríunni

Leikir Íslands á HM í fótbolta í Rússlandi verða sýndir í beinni á Kríunni. Fyrsti leikur verður Ísland á móti Argentínu þann 16. júní. Kjörið tækifæri fyrir Flóamenn að hittast í stemmingu og horfa á boltann saman á sveitakrá okkar Flóamanna. Kaldur á krana og grillaðir hamborgarar fyrir þá sem verða svangir.



Nánari upplýsingar verða á Facebook síðu Kríunnar.  
Mætum öll og hvetjum Ísland saman.

## Villingaholtskirkjugarður

Á aðalsafnaðarfundi nú nýverið var ákveðið að koma saman eina kvöldstund og snyrta til í kirkjugarðinum, skera kanta og hreinsa til. Við vitum að margar hendur vinna létt verk, þetta var gert hér áður fyrr og voru þetta skemtilegar samverustundir. Ég bið þá sem til eru í þetta að hafa samband við mig undirritaða, svo finnum við kvöld sem hentar.

Með bestu kveðju.  
Þórunn sími 862-1542

## Kæru sveitungar

Flóalistafólk þakkar innilega það traust sem þið sýnduð okkur í nýliðnum sveitarstjórnarkosningum. Með von um gott samstarf og margar ánægjustundir á komandi kjörtímabili.

*Kær kveðja, fulltrúar Flóalistans*



VÉLAR · VERSLUN · VARAHLUTIR

## Pistillinn

Margar skemmtilegar sögur hafa verið sagðar í þessum pistlum en ég ætla að feta hér aðrar götur.

Mér verður oft hugsað til þess hversu verðmætt starf ungmennafélaganna er og hefur verið í okkar samfélagi um langan tíma. Starfsemi Umf. Baldurs á þeim tíma sem ég tók þátt og lengst af síðan var mjög blómlegt. Nær undantekningalaust tóku allir unglingar sveitarinnar þátt í starfi félagsins. Íþróttæfingar voru í Einbúa minnst einu sinni í viku þar sem markvisst voru æfðar frjálssar íþróttir. Iðkun íþróttar og hreyfing er öllum holl en alveg nauðsynleg börnum og unglingum. Æfingarnar höfðu einnig mikið gildi félagslega fyrir unglingana sem lítið fóru af bæ og höfðu ekki fésbók, snapp eða farsíma.

Þá má nefna þá félagslegu þjálfun sem ungmennafélagar hlutu í starfi félagsins við undirbúning hinna ýmsu viðburða, með fundarhöldum, skipulagningu og að vinna verkefni saman í hóp. Stærsta árlega verkefni félagsins var að halda þorablótið í Þingborg. Að baki því lá mikil vinna þar sem allir félagsmenn lögðu hönd á plóg. Saminn og æfður annáll ársins og settur upp í 45 mínútna leikþætti, fengin önnur skemmtiatriði, matur keyptur sneiddur og fram borinn af félögunum. Ekki ætla ég hér að telja upp öll þau fjölmörgu verkefni sem ungmennafélagið hefur komið að en starfið þar hefur verið mér og held ég flestum öðrum góður skóli, kennt manni margt sem ekki var kennt eða þjálfað í skólunum.

Ég sem sennilega í margra augum telst vera einn af „gömlu köllunum“ í sveitinni hef þó svolitlar áhyggjur af ungmennafélagsstarfinu. Samfélagið breytist hratt og nú sækja börn og unglingar áhugamál og íþróttaiðkun í stærri og sérhæfð félög t.d. í hópíþróttum. Það er í sjálfu sér hið besta mál að hver finni sína fjöl í þeim efnunum og njóti þar með góðrar þjálfunar og aðstöðu. Sá félagslegi skóli sem ungmennafélöin eru er samt mjög mikilvægur og ég hef áhyggjur af að erfiðara sé að halda þeim þætti gangandi þegar kraftar félagsmanna dreifast víða. Ef til vill eru þetta óþarfar áhyggjur gamals karls en vonandi uppfylla skólinn, heimilin og internetið þessa kennslu og þjálfun.

Ég set hér með eina leirslettu til gamans. Þannig var að eitt vorið að ég rifnaði á kálfa / hásin daginn fyrir Hvítasunnu og gat ekki stigið í annan fótinn og sá mér ekki fært að syngja með kirkjukórnum í feringamessunni;

Sjálfri Hvítasunnu á  
svíkst ég undan merkjum  
Því að kálfans kjöti frá  
kvelst ég nú af verkjum

Að lokum svona til að halda umræðunni gangandi þó kosningar séu afstaðnar: Hvernig getur rúml. 600 manna sveitarfélag byggt og rekið stórt íþróttahús? Er arðbært að leigja út íþróttahús? Gæti Flóahreppur látið að sér kveða í hópíþróttum ef hér væri stórt íþróttahús?

Ég vil að lokum þakka aðstandendum Áveitunnar fyrir að halda úti þessari nauðsynlegu og skemmtilegu útgáfu sveitinni til heilla. Ég ætla að biðja fermingarbróðir minn Sigurð Ólafsson í Hjálmholti að rita næsta pistil.

Bestu kveðjur, Hafsteinn í Túni

## **Uppsprettan**

Hátíð í Skeiða- og Gnúpverjahreppi 15.-16. júní 2018

### **Föstudagur 15. júní**

- Brokk og skokk í Skaftholtsréttum
- Afmæli Neslaugar:  
Pizzavagninn mætir á staðinn, harmonikkuleikur og Bibí og Björgvin Franz koma og skemmta.

### **Laugardagur 16. júní, Árnosi**

- Leikhópurinn Lotta
- Sumargóðgæti úr sveitinni
- Bjástrað á bæjunum
- Uppsprettuþraut
- Hoppukastali og leiktæki
- Landsleikur í fótbolta á stóra tjaldinu: Ísland-Argentína
- 

*Verið velkomin*

*Nánari upplýsingar verða á facebooksíðu Uppspretunnar*

**Býrð þú við ofbeldi? Is domestic violence a part of your life? Czy jesteś ofiarą przemocy?**

– The best way to swift service is to kontakt the **Emergency number**



**112**

Besta leiðin til þess að ná í lögreglu er **Neyðarnúmerið**



**112**

## Íþróttæfingar fyrir krakka

Á fimmtudagskvöldum í sumar mun Ungmennafélagið Þjótandi standa fyrir íþróttæfingum á vellinum við Þjórsárver.

Æfingarnar eru ætlaðar börnum fæddum á árunum 2005-2011 og verða frá kl 20:00-21:00. Á æfingunum verður farið í ýmsar íþróttagreinir auk leikja.

Þjálfari verður Sunna Skeggjadóttir og fyrsta æfingin verður 21. júní. Við hvetjum foreldra til að vera duglegir við að sameina í bíla og skutla börnunum sínum á æfingar í sumar.

Íþróttanefnd

## Dagskrá mánaðarins

Vorfundur Kvenfélags Hraungerðishrepps	6. júní
HSK mót fyrir krakka í Þorlákshöfn	10. júní
Leikjakvöld fyrir unglunga í Þingborg	10. júní
Leikjanámskeið hefst	11. júní
Skógarferð í Hellisskóg	11. júní
Hreinsunardagur í Einbúa	14. júní
17. júní í Einbúa	17. júní
Héraðsmót fullorðinna	19.-20. júní
Leikjanámskeiði lýkur	21. júní
Íþróttæfing fyrir krakka	21. júní
Leikjakvöld fyrir unglunga í Félagslundi	24. júní
Íþróttæfing fyrir krakka	28. júní
Leikjakvöld fyrir unglunga í Einbúa	1. júlí



Eyravegi 32 · Sími 480 1160 · Neyðarnúmer 660 1160